

Fundur haldinn í menningar-, íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar í Lystigarðinum, miðvikudaginn 23. ágúst 2017, kl. 17:00.

Mætt voru: Friðrik Sigurbjörnsson, Alda Pálsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson, Davíð Ernir Kolbeins og Fanný Björk Ástráðsdóttir. Jakob Fannar Hansen boðaði forföll. Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Heimsókn:

Einar Bárðarson kynnir íslenska utanvegahlaupið, Hengill Ultra Trail

2. Farið yfir sumarstarfið og hátíðir

3. Starfsemi haustsins í íþróttamannvirkjum

1. Hengill Ultra Trail - kynning

Einar Bárðarson kynnti utanvegahlaupið Hengill Ultra Trail sem verður 2. september næstkomandi og hefst í Hveragerði.

2. Sumarnámskeið og hátíðir

Menningar og frístundafulltrúi fór yfir námskeið sem voru haldin fyrir börn og ungmenni í sumar. Einnig var farið yfir framkvæmd hátíðanna, landsmót UMFÍ 50+, skátamótið World Scout Moot og bæjarhátíðina Blómstrandi daga. Allar hátíðirnar voru haldnar í einmuna veðurbliðu og tókust vel. Mikill mannfjöldi sótti bæinn heim þessa daga og þá viðburði sem voru í boði.

3. Starfsemi haustsins

Menningar- og frístundafulltrúi fór yfir stöðu mála í íþróttamannvirkjum. Starf íþróttadeilda hefst í byrjun september og gengur vel að raða niður tímum. Verið er að mála laugarker sundlaugarinnar og er 3 nýjir starfsmenn að hefja störf í íþróttamannvirkjum í haust.

Nýr forstöðumaður, Elín Esther Magnúsdóttir, hefur verið ráðinn í félagsmiðstöð og skólasel en þetta er nýtt stöðugildi sem á eftir að efla það góða starf sem fyrir er. Nýr starfsmaður mun einnig sjá um ævintýranámskeiðin á sumrin.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:00

Friðrik Sigurbjörnsson, (sign) *Friðrik Sigurbjörnsson*

Alda Pálsdóttir, (sign) *Alda Pálsdóttir*

Davíð Ernir Kolbeins, (sign) *Davíð Ernir Kolbeins*

Walter Fannar Kristjánsson, (sign)

Fanný Björk Ástráðsdóttir, (sign) *Fanný Björk Ástráðsdóttir*

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign) *Jóhanna Hjartardóttir*

Walter F. Kristjánsson

Jóhanna Hjartardóttir